

Kópavogi í janúar 2020

Ágætu foreldrar og nemendur Varmárskóla.

Menntamálastofnun hefur nú lokið ytra mati á starfi skólans sem unnið er fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga. Niðurstöður birtast í opinberri skýrslu sem verður meðal annars birt á heimasíðu Menntamálastofnunar, mms.is.

Matinu er fyrst og fremst ætlað að styðja skóla við að auka gæði náms og skólastarfs ásamt því að stuðla að umbótum. Tilgangurinn er einnig að afla upplýsinga fyrir fræðsluyfirvöld, starfsfólk skóla, foreldra og nemendur um skólastarfið, árangur þess og þróun ásamt því að tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá grunnskóla.

Í skýrslunni er gerð grein fyrir stöðu skólans á matsþáttum og styrkleikar og tækifæri til umbóta hvers matsþáttar settar fram. Helstu niðurstöður skólans eru eftirfarandi:

Stjórnun

Styrkleikar

- Starfsáætlun skólans fyrir 2019 -2020 er samkvæmt viðmiðum aðalnámskrár.
- Námskrár fyrir árganga og námsgreinar eru í samræmi við stefnu aðalnámskrár og grunnþættir menntunar koma þar fram.
- Fagleg samræða um nám og kennslu fer fram á vikulegum faggreina- og árgangafundum auk kennarafunda.
- Starfsþróunarsamtöl eru árleg og starfsmenn fá svigrúm til starfsþróunar.
- Niðurstöður um árangur og framfarir nemenda eru skráðar í Mentor.
- Um 78% foreldra telja að barni þeirra líði vel í skólanum.
- Skýrar upplýsingar um foreldrafélag og skólaráð, hlutverk, starfsemi og fundargerðir er að finna í starfsáætlun og á heimasíðu skólans.
- Samstarf er við félagsmiðstöð, leikskóla, aðra grunnskóla, framhaldsskóla og grenndarsamfélagið.
- Í sjálfsmatskýrslu og á heimasíðu skólans má finna helstu upplýsingar um skólastarfið ásamt niðurstöðum prófa og kannana.
- Skóladagar nemenda eru samkvæmt viðmiðum aðalnámskrár.
- Heimasíða skólans er virk og inniheldur í meginatriðum réttar og hagnýtar upplýsingar.
- Skólastjórnendur og sveitarstjórn fylgjast með því að aðbúnaður skóla sé öruggur og unnið er að úrbótum.
- Ábyrgðar- og verkaskipting skólastjórnenda er skýr og skráð í starfsáætlun.
- Stuðlað er að jákvæðum samskiptum í starfsmannahópnum.
- 67% starfsmanna segjast fá hrós og hvatningu frá samstarfsmönnum, foreldrum og stjórnendum.
- Starfsmannahandbók Mosfellsbæjar er ítarleg.
- Starfsmenn njóta trausts og hafa umboð til starfa.

Tækifæri til umbóta

- Móta þarf stefnu og sérstöðu skólans í samráði og samstarfi við alla hagsmunaaðila.

- Móta þarf heildstæða skólanámskrá þar sem fram kemur stefna skólans og nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólstarfs.
- Gæta þarf þess að allir hagsmunaaðilar skólasamfélagsins hafi rödd og komi að samstarfi og ákvörðunartöku í skólasamfélaginu í samræmi við lög og reglugerðir.
- Endurskoða og uppfæra þarf heimasíðuna með það í huga að gera hana skýrari og aðgengilegri.
- Vinna þarf markvisst að því að starfsmannahópurinn verði ein liðsheild í einum skóla.
- Skoða þarf og móta betur skipulag skólstarfsins í heild og vinna markvisst að því að mynda samfellu náms og kennslu í yngri og eldri deild.
- Mikilvægt er að unnið verði markvisst með niðurstöður foreldrakönnunar í fullu samstarfi við alla hagsmunaaðila til að bæta og þróa jákvæð samskipti í skólasamfélaginu.
- Mikilvægt er að stjórnendur svari erindum foreldra eins fljótt og auðið er og að ábendingar og tillögur þeirra séu teknar til skoðunar.
- Mikilvægt er að fá aðstoð utanaðkomandi aðila til að vinna að bættum samskiptum í skólasamfélaginu og byggja upp traust á milli hagsmunaaðila.
- Bæta þarf fundaskipulag skólaráðs, senda gögn til fulltrúa í ráðinu fyrirfram ef hægt er eða afhenda á fundum og gefa tíma til skoðanaskipta og virkrar þátttöku fulltrúa.
- Tryggja þarf að fulltrúar nemenda í skólaráði sitji í tvö ár eins og reglugerð gerir ráð fyrir.
- Móta og skrá verklag um hvernig gögn um árangur, framfarir og líðan nemenda eru nýtt við skipulag kennslu og til að bæta árangur og líðan nemenda.
- Tryggja þarf kennurum ráðgjöf og leiðbeiningar til að nýta niðurstöður og gögn.
- Gæta þarf að því að verktökum sem koma að skólstarfinu séu kynnt lög um persónuvernd og trúnað.
- Móta þarf markvisst ferli hvað varðar leiðsögn og endurgjöf stjórnenda til kennara og starfsmanna til að þróa og bæta nám, kennslu og líðan nemenda.
- Veita nýliðum í kennslu markvissa faglega leiðsögn.
- Leggja þarf fram ítarlegri starfsþróunaráætlun með markmiðum, leiðum og mati á árangri.
- Birta upplýsingar um þróunarverkefni þar sem kemur fram verklag, ábyrgð og umsjón.
- Kynna og vinna með stefnu skólans og sveitarfélagsins um heilsueflandi samfélag fyrir öllum hagsmunaaðilum.

Nám og kennsla

Styrkleikar

- Einkunnarorð Mosfellsbæjar eru sýnileg í skólanum og viðmælendur í rýnihópum þekkja þau.
- Kennsluáætlanir fyrir greinar og árganga eru birtar á heimasíðu skólans og eru kynntar foreldrum og nemendum að hausti.
- Grunnþættir menntunar og lykilhæfni nemenda koma fram í öllum kennsluáætlunum.
- Ánægja er með tilhögun sérkennslu og stuðnings í eldri deild.
- Leitast er við að stuðningur fari fram innan bekkjar eftir því sem kostur er og nemendum í námsveri er fylgt inn í bekki með svokallaðri brú.
- Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir nemendur með sérstakar þarfir í námi.
- Í matsáætlun skólans kemur fram hvaða skimanir og kannanir eru lagðar fyrir og í lestrarstefnu er yfirlit yfir lesfímikannanir.

- Samskipti í þeim stundum sem matsmenn heimsóttu voru almennt jákvæð milli nemenda og milli nemenda og kennara.
- Gerð er grein fyrir námsmati og hæfniviðmiðum í kennsluáætlunum.
- Kennarar vinna saman að skipulagi náms í árgöngum undir stjórn deildarstjóra og í faghópum undir stjórn fagstjóra.
- Val nemenda í unglingadeild er fjölbreytt og um þriðjungur valgreina tengjast list- og verkgreinum.
- Starfsfólk og nemendur koma almennt vel fram og taka tillit til annarra.
- Nemendur eiga fulltrúa í skólaráði og haldið var nemendaping á síðasta skólaári.

Tækifæri til umbóta

- Semja og birta skólanámskrá fyrir Varmárskóla þar sem fram kemur hvernig skólinn hyggst útfæra stefnu aðalnámskrár og skólastefnu Mosfellsbæjar.
- Birta í skólanámskrá hvernig grunnþættir koma fram í námi og kennslu og hvernig unnið er að lykilhæfni.
- Gera grein fyrir námsaðlögun í skólanámskrá/kennsluáætlunum þannig að fram komi hvernig unnið er í getuskiptum hópum.
- Styrkja þarf stoðþjónustu í yngri deild skólans og efla samráð við foreldra um lausn mála.
- Vinna þarf áfram markvisst að því að bæta námsárangur nemenda og gera átak til að bæta lestrargetu í eldri deild.
- Auka þarf fjölbreytni í námi og kennsluháttum og leggja áherslu á leiðir sem vekja áhuga nemenda og virkja þá til þátttöku.
- Auka áherslu á samvinnu nemenda, umræður og skoðanaskipti í námi.
- Kenna nemendum að setja sér markmið í námi og fylgja því eftir að nám sé við hæfi hvers og eins.
- Skapa aðstæður til að nemendur geti nýtt upplýsingatækni í námi sínu.
- Efla á ný útikennslu sem lið í námi nemenda.
- Tryggja að tími í list- og verkgreinum og valgreinum í unglingadeild sé í samræmi við viðmið í aðalnámskrá.
- Auka val nemenda um viðfangsefni, námsaðferðir og námsstíl.
- Þjálfar nemendur í að meta eigið nám og framfarir.
- Veita nemendum tækifæri til að tjá sig um skipulag náms og skólastarfs, m.a. með þátttöku í reglulegum könnunum.
- Nota Uppeldi til ábyrgðar markvisst í starfi og samskiptum.
- Þjálfar nemendur til þátttöku í nefndum og ráðum.

Innra mat

Styrkleikar

- Innra mat er til staðar sem hluti af skólastarfinu.
- Sjálfsmatsskýrslur og niðurstöður skimana og kannana má finna á heimasíðu skólans.
- Nýtt matsteymi stjórnenda og kennara vinnur að því að móta og innleiða nýtt sjálfmatslíkan fyrir skólann.

Tækifæri til umbóta

- Mikilvægt er að skipa matsteymi með fulltrúum stjórnenda, kennara, annarra starfsmanna, nemenda og foreldra.
- Móta þarf formlegar og skráðar gagnaöflunarleiðir og matstæki sem unnið er eftir.

- Tengsl matsins við markmið skólstarfsins þurfa að vera skýrari.
- Vinna þarf kafla í skólanámskrá um innra matið.
- Skilgreina þarf verkefni og leiðir til umbóta á grunni greininga og samræðna allra hagsmunaaðila.
- Móta þarf tímasetta umbótaáætlun þar sem markmið og viðmið um árangur eru skilgreind.
- Í umbótaáætlun þarf að koma fram hverjir bera ábyrgð á verkefnum svo og hvenær og hvernig árangur verður metinn.

Skólabragur

Styrkleikar

- Skólinn hefur sett sér stefnu um góðan skólabrag.
- Betri skólabragur er meðal áherslupátta sem unnið er að á þessu skólaári.
- Samskipti kennara og foreldra eru almennt góð.
- Símbann sem sett var inn í skólareglur á síðasta skólaári hefur orðið til þess að bæta skólabrag.
- Eineltisáætlun og viðbrögð við einelti hafa verið endurskoðuð og eineltisteymi er virkt.
- Haldið var nemendaping á vorönn 2019 og brugðist hefur verið við ábendingum sem þar komu fram.
- Skólareglur eru sýnilegar á heimasíðu skólans og kynntar nemendum að hausti.
- Ítarleg forvarnaráætlun er birt á heimasíðu skólans þar sem tilgreint er hvaða forvarnarverkefni eru unnin í hverjum árgangi frá 1.-10. bekk.

Tækifæri til umbóta

- Nýta stefnuna Uppeldi til ábyrgðar til að samræma hvernig unnið er að samskiptum og agamálum í skólanum.
- Nýta reglubundnar kannanir til að fylgjast með líðan nemenda, birta niðurstöður og fylgja þeim eftir.
- Vinna markvisst með niðurstöður kannana sem benda til þess að stríðni og einelti viðgangist í ákveðnum árgöngum.
- Gera verkferla um viðbrögð þegar vísbendingar eru um að nemendur búi við ofbeldi.
- Þjálfar nemendur markvisst í lýðræðislegum vinnubrögðum, samræðum og samvinnu.
- Koma á bekkjarfundum í öllum árgöngum.
- Brýnt er að hlustað sé á fulltrúa foreldra og þeir hafi rödd í skólaráði og foreldrafélagi.
- Tryggja að nemendur í vanda eigi greiðan aðgang að úrræðum í skólanum og foreldrar séu með í ráðum þegar leitað er lausna.
- Ráða þarf bráðan bug á samskiptavanda sem ríkir milli hóps foreldra, stjórnenda og skólayfirvalda.

Matsskýrslan hefur verið send skóla og sveitarstjórn/bæjarstjórn þar sem fram koma nánari niðurstöður ytra matsins. Skóli og sveitarstjórn vinna í framhaldi matsins áætlun um þær umbætur sem lagðar eru til. Umbótaáætlun mun birtast á heimasíðu Menntamálastofnunar þegar hún hefur borist stofnuninni.

Með bestu kveðju,
Birna Sigurjónsdóttir og
Svanhildur Ólafsdóttir
Menntamálastofnun